

Skólanámskrá Mímis

Efnisyfirlit

Almennar upplýsingar.....	2
Gildi Mímis.....	2
Menntastefna	2
Kennslu- og námsmatsstefna	2
Tækni í námi og kennslu	3
Skólareglur	3
Gervigreindarstefna í kennslu og námi.....	5
Samskiptareglur	6
Reglur um próf.....	8

Almennar upplýsingar

Höfuðstöðvar Mímis eru að Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, sími 580 1800 og netfang mimir@mimir.is.
Einnig fer fram kennsla að Öldugötu 23, 101 Reykjavík.

Gildi Mímis

FRAMSÆKNI

Mímir er framsækið fyrirtæki sem sífellt leitar tækifæra til framfara og nýjunga.

FAGMENNSKA

Fagmennska er leiðarljós í öllum samskiptum. Við veitum framúrskarandi þjónustu og störfum eftir verkferlum sem tryggja áreiðanleika og gagnsæi.

SAMVINNA

Við erum ein liðsheid. Samskipti einkennast af virðingu, trausti og umburðarlyndi. Metnaðarfullt samstarf við fyrirtæki og hagsmunaaðila skilar okkur lengra.

Menntastefna

Mímir er fræðslufyrirtæki sem starfar á sviði framhaldsfræðslu og starfsmenntunar.

Meginhlutverk Mímis-símenntunar er að skapa tækifæri til náms fyrir fólk með stutta formlega skólagöngu og hvetja fólk á vinnumarkaði til símenntunar og starfsþróunar. Annað meginmarkmið er að bjóða upp á fjölbreytta kennslu í íslensku sem öðru máli, sem og tungumálanámskeið. Skipulag námsins tekur mið af þörfum vinnandi fólks og atvinnulífsins hverju sinni.

Til að mæta bæði þörfum og kröfum nemenda varðandi nám leggur Mímir áherslu á að eftirfarandi þættir séu lagðir til grundvallar og ræktaðir sérstaklega:

- Fjölbreyttir kennsluhættir
- Fjölbreytt námsmat
- Notkun upplýsingatækni í kennslu
- Hvetjandi námsumhverfi
- Framsækni í námi og kennslu
- Reynslumiklir og vel menntaðir kennarar

Kennslu- og námsmatsstefna

Mímir leggur ríka áherslu á að kennsluhættir séu fjölbreyttir, hvetjandi og tekið sé mið af þörfum nemendahópsins hverju sinni. Einnig er lögð áhersla á að kennarar ígrundi sína eigin kennsluhætti reglulega með sjálfsmati. Þá leggur Mímir áherslu á endurgjöf nemenda hvað varðar kennsluhætti og gæði kennslu í hverjum áfanga fyrir sig.

Við kennslu hjá Mími er lögð áhersla á að kennsla fari fram með fjölbreyttum kennsluaðferðum meðal annars með útlistunarkennslu og verkefnaþíðuðu námi. Unnið er samkvæmt hugmyndum um leiðsagnarmat þar sem námsmat er stöðugt í gangi.

Mímir leggur áherslu á að kennarar veiti nemendum sínum umsagnir um skilaverkefni jafnt og þétt yfir önnina. Með því móti er nemandi gert kleift á að átta sig betur á stöðu sinni og hvar hann getur bætt sig í náminu.

Ljúki nemandi ekki áfanga samkvæmt skilgreindu námsmati áfanga á þeirri önn sem námið fer fram telst áfanganum ólokið og nemandi fær stöðuna F (fall) eða Ó (ólókið) á námsferil.

Tækni í námi og kennslu

Mímir leggur áherslu á og hvetur kennara til að nýta sér þá möguleika sem tækni í kennslu hefur upp á að bjóða. Til stuðning þessu hefur Mímir meðal annars fjárfest í spjaldtölvum sem standa kennurum og nemendum til boða. Einnig býður Mímir upp á fjarnám á nokkrum námsbrautum með aðstoð tækninnar. Þar eru kennarar hvattir til að kynna sér vel og nýta þá tækni sem hentar best við nám og kennslu í fjarnámi.

Tæknibúnaður

- Þráðlaust net er í Mími og er nemendum að kostnaðarlausu
- Tölvur og spjaldtölvur standa nemendum til boða í kennslustundum
 - Mímir lána ekki þessi tæki utan kennslustunda
 - Sérstakar lánstölvur standa nemendum til boða og hafa skal samband við afgreiðslu varðandi lánstölvur
- Í nokkrum kennslustofum er búnaður til fjarkennslu.
- Komi upp vandræði vegna tæknibúnaðar ber að snúa sér til afgreiðslu

Skólareglur

Námsgögn

Námsgögn ekki innifalin í nemendagjöldum nema annað sé tekið fram.

Mæting

- Alltaf ber að mæta í kennslustund á réttum tíma sé þess nokkur kostur.
 - Nemendur er hvattir til að hafa í huga að það er mikið ónæði fyrir bæði kennara og nemendur þegar nemendur mæta seint í tíma.
- Sé nemandi veikur þá ber honum að tilkynna veikindi sín í Innu (www.inna.is).
- Til að nemendur geti útskrifast úr vottuðum námsbrautum frá Mími þarf að sýna fram á 80% mætingu í náminu.

Kennsluvefur

- Notast er við kennslukerfi Innu.
- Til að ská sig á Innu þarf að notast við rafræn skilríki eða íslykil.
- Nemendur sem skráðir eru í Mími skrá sig inn á Innu í gegnum eftirfarandi slóð:
<https://innskraning.island.is/?id=r.inna.is>
- Allt það sem viðkemur námi nemenda í Mími er að finna inn á kennslukerfi Innu.

Matur og drykkur

- Sjálfsalar eru staðsettir í nemendarymi.
- Óheimilt er að neyta matar og drykkjar í kennslustofum. Bent er á kaffiaðstöðu í nemendarymi til neyslu matar og drykkjar.
- Vinsamlegast gangið snyrtilega um stofur og sameiginlegt rými.

Tóbaksnotkun

- Notkun tóbaks er ekki leyfð í húsnæði Mímis, það á einnig við um munn- og neftóbak.
- Notkun sigarettna og rafsígarettna er ekki leyfð í húsnæði Mímis.
- Óheimilt er að reykja fyrir framan aðalinngang Mímis.
 - Þeir sem reykja er bent á sérstakt reykisvæði sem er staðsett í skoti fyrir miðju húsi (sunnan við aðalinngang). Þar má finna stubbahús.
- Verði nemandi uppvís að því að mæta undir áhrifum áfengis og/eða vímuefna er honum umsvifalaust vísað úr námi. Viðkomandi missir rétt sinn til að stunda námið enda þótt nemandi hafi greitt fyrir námið.

Umhverfismál

- Nemendur eru hvattir til að draga sem mest úr notkun á einnota umbúðum hvað varðar mat og drykk.
 - Nemendur er hvattir til að nota margnota drykkjarmál undir kaffi og aðra drykki sem nemendur neyta í nemendarymi.
- Nemendur eru hvattir til að kynna sér vel leiðbeiningar um flokkun á sorpi í nemendarymi
 - Pappi, pappír, plast og skilagjaldskyldarumbúðir eru flokkaðar frá öðrum úrgangi.

Öryggismál

- Við inngang í skrifstofurými er hjartastuðtæki. Þá er veggspjald með leiðbeiningum um skyndihjálp hjá kaffiaðstöðu nemenda. Neyðarútgangur úr nemendarymi er inn af stofu 5 og er hann merktur með ljósaskilti. Sjúkrakassi er í eldhúsi starfsmanna í skrifstofurými. Slökkvitæki eru bæði í miðrymi fyrir framan stofu og á nemendagangi.
- Meðferð eld er með öllu óheimil í húsnæði Mímis.
- Persónuleg verðmæti eru á ábyrgð eigenda.

Annað

- Óleyfilegt er að hafa kveikt á farsíma eða öðrum raftækjum sem truflað geta kennslustund, nema kennsla krefjist þess sérstaklega. Sími skal geymdur í tösku eða yfirhöfn.
- Ef nauðsynlega þarf að ná í viðkomandi, t.d. vegna barna, ber að gera kennara viðvart og má þá hafa síma á borði, hljóðlausan.
- Bílastæði Mímis eru fyrir framan innganginn.
- Hjólageymsla er staðsett syðst á bílastæði Mímis.
- Aðeins þeir nemendur sem greitt hafa námsgjöld geta stundað nám hjá Mími og útskrifast.
- Mikil áhersla er lögð á einstaklingsbundnar sóttvarnir í húsakynnum Mímis.
- Nemendum er ekki heimilt að mæta með börn í kennslustund eða leyfa þeim að vera eftirlitslaus í nemendaráyminu á meðan á námskeiði stendur.

Gervigreindarstefna í kennslu og námi

Skapandi gervigreind á borð við ChatGPT eða Microsoft CoPilot eru öflug tæki sem geta nýst nemendum í námi og við margskonar verkefnavinnu. Þó skulu nemendur hafa eftirfarandi í huga:

1. Nemendum ber að fylgja fyrirmælum kennara um notkun gervigreindar við lausn verkefna. Leiki vafi á því hvort og hvernig heimilt sé að nota gervigreind við lausn tiltekins verkefnis ber nemendum að ráðfæra sig við viðkomandi kennara.
2. Það er ekki leyfilegt að láta gervigreind vinna verkefni fyrir sig. Það er í lagi að styðjast við gervigreind til að fá hugmyndir og upplýsingar, en mikilvægt er að muna að gervigreind er ekki áreiðanleg heimild og því er ekki hægt að vísa í hana sem slíka.
3. Verkefni sem nemandi skilar skal ávallt byggjast á og endurspegla þekkingu, hæfni og reynslu nemandans.
4. Nemendur bera sjálfir fulla ábyrgð á námsverkefnum sínum og skulu vera tilbúnir að útskýra innihald þeirra og þekkingu sína á efni þeirra, hvort sem er í samtali eða texta, ef kennari fer fram á það.
5. Ef grunur leikur á að nemandi hafi notað gervigreind til að leysa verkefni og getur ekki útskýrt innihald þess eða sýnt fram á eigin þekkingu og skilning á efninu, verður verkefnið ekki tekið til greina við útreikning lokaekunnar.

Samskiptareglur

Hjá Mími er ekki liðið einelti, kynferðislegt né kynbundið áreitni við nám, í kennslu, almennu starfi eða öðrum samskiptum innan Mímis. Á þetta við um starfsfólk og nemendur sem stunda nám hjá Mími.

Í öllum náms- og starfsaðstæðum innan skólans skal þess gætt að dregið sé úr hættu á að aðstæður skapist sem líkur eru á að geti leitt til kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni eða ofbeldis.

Vísað er 3.gr lið b, c og d í reglugerð nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum. Þar segir:

b) *Einelti*: Síendurtekin hegðun sem almennt er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður, svo sem að gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi eða að valda honum ótta. Skoðanaágreiðingur eða ágreiðingur vegna ólíkra hagsmuna fellur ekki hér undir.

c) *Kynbundin áreitni*: Hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi.

d) *Kynferðisleg áreitni*: Hvers kyns kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknað og/eða líkamleg.

Með starfsfólki er átt við alla þá er vinna fyrir Mími, hvort sem það eru launþegar eða verktakar.

Með nemendum er átt við alla þá sem skráðir eru og stunda nám hjá Mími.

Með samvinnu, samskiptum og samneyti er átt við fundi, kennslustundir, samkomur, tölvupóstssamskipti, samfélagsmiðla, símtöl og aðrar aðstæður sem skapast í tengslum við skólastarfið.

Með náms- og starfsaðstæðum er átt við alla þætti starfsins, svo sem náms- og starfsumhverfi, skipulag og húsnæðis. Aðstæður þar sem nemendur og starfsfólk þurfa að fara um vegna náms eða starfs.

Viðurlög við broti á ofangreindu eru:

1. Verði:

- a. starfsmaður uppvís að broti á samskiptareglum skólans skal framkvæmdastjóri ásamt sviðstjóra veita viðkomandi munnlega aðvörun og tilkynna það skriflega í tölvupósti eftir að munnleg aðvörun hefur verið veitt.
- b. nemandi uppvís að broti á samskiptareglum skólans skal sviðstjóri og kennslustjóri veita munnlega aðvörun og tilkynna það skriflega í tölvupósti eftir að munnleg aðvörun hefur verið veitt.

2. Verði:

- a. sami starfsmaður uppvís að endurteknum brotum á samskiptareglum þá er framkvæmdastjóra heimilt að vísa viðkomandi starfsmanni úr starfi hjá Mími.
 - b. sami nemandi uppvís að endurteknum brotum á samskiptareglum þá er sviðstjóra og kennslustjóra heimilt að vísa viðkomandi nemanda úr námi hjá Mími.
3. Verði: nemandi uppvís að alvarlegu broti á samskiptareglum, lið c og d getur það varðað við tafalausri brottvísun úr námi hjá Mími.

Mögulegt er að senda tilkynningar í gegnum vef Mímis undir *ábending, hrós og kvörtun* hnappnum. Einnig er velkomið að leita til verkefnastjóra.

Reglur um próf

- Nemendur mæti stundvíslega til prófs. Nemandi sem kemur 30 mínútum of seint eða síðar, fær ekki að taka prófið.
- Lokapróf standa yfir í 2 klst nema annað sé tekið fram.
- Lágmarkseinkunn í lokaprófi er 5.0.
- Nemendum er ekki heimilt að yfirgefa prófstofu fyrr en 30 mínútum eftir að próf hefst.
- Á meðan á prófi stendur er ekki heimilt að sinna öðrum erindum utan prófstofu nema með heimild yfirsetumanns.
- Ekki má taka hjálpargögn í próf nema það sé sérstaklega heimilað af viðkomandi kennara.
- Öll notkun snjalltækja er bönnuð í prófstofum.
- Nemandi sem staðinn er að svindli fær einkunnina núll (fall) í viðkomandi námsgrein.
- Nemandi sem hefur ekki mætt í próf og ekki boðað lögmæt forföll fær einkunnina núll (fall) í viðkomandi námsgrein.
- Veikindi ber að tilkynna til verkefnastjóra eigi síðar en að morgni prófdags. Til að öðlast próftökurétt í sjúkraprófi þarf að skila veikindavottorði.
- Sjúkra- og endurtektarpróf skulu haldin eigi síðar en viku frá lokaprófsdegi/lokamatsdegi áfanga.
- Nái nemandi ekki lágmarkseinkunn úr námsgrein gefst honum kostur á að þreyta endurtökupróf einu sinni. Að hámarki er hægt að taka endurtökupróf úr tveimur námsgreinum. Gjald samkvæmt gjaldskrá er tekið fyrir endurtökupróf sem greiðist fyrirfram.
- Nemandi sem telur sig þurfa sér aðstæður í prófi óskar eftir því með tölvupósti til verkefnastjóra, eigi síðar en viku fyrir prófdag.